

EFTIRLITSSKÝRSLA

FISK Seafood ehf. Hólum í Hjaltadal



Dags eftirlits	19.10.2021	Ábyrgðarmaður eftirlits	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Fyrirtæki	FISK Seafood ehf.	Eftirlitsmaður	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Heimili	Hólum	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	461289-1269	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Stefanía Inga Sigurðardóttir	ÍSAT nr.	03.22.0
Fulltrúi fyrirtækis	Fríðrik Steinsson	Staðsetning	494922,721 581709,174

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Ekkert frávík frá kröfum starfsleyfis kom fram í eftirliti og engin ábending var sett fram.

UMFANG EFTIRLITS

Um landeldisstöð í bleikjueldi er að ræða með eldisaðstöðu bæði innan- og utandyra. Stöðin stendur við bakka Hjaltadalsár og rennur frárennslið í gegnum tvær settjarnir og þaðan út í Hjaltadalsá.

Umfang boðaðs eftirlits var eftirfarandi:

- Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti
- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða.
- Farið yfir starfsleyfið og minnt á skil skv. því
- Eftirlitsmælingar og skráningar
- Áætlanir og viðbrögð
- Umgengni og aðkoma lóða.
- Geymsla og meðhöndlun hættulegra efna.
- Leiðbeiningar Umhverfisstofnunar um meðhöndlun fastefnis frá landeldisstöðvum.

Farið var yfir stöðuna frá síðasta eftirliti. Farið var yfir áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða fyrir árið 2021 og það uppfært m.t.t. stöðu stöðvarinnar í dag.

Rekstraraðili hefur ákveðið að hætta starfsemi í fiskeldi og þar með loka stöðinni. Ekki verður óskað eftir niðurfellingu starfsleyfis þar sem markmiðið er að selja stöðina ásamt rekstrinum. Minnt er á að þó svo starfsemi sé ekki í stöðinni þá fellur hún enn undir eftirlitsskyldu Umhverfisstofnunar á meðan starfsleyfið er í gildi ásamt því að rekstraraðila ber að framfylgja ákvæðum starfsleyfis s.s. um sýnatökur úr frárennsli, skil á ársyfirliti og grænu bókhaldi skv. 4. kafla starfsleyfisins.

Eftirlitið fór fram var einungis um tvö tonn af smáum fiski í fjórum kerjum inni í stöðinni sem beið flutnings/förgunar. Annar fiskur hefur verið seldur úr stöðinni. Ársframleiðslan það sem af er ári eru 95 tonn en hámarkslífmassi í stöðinni skv. starfsleyfi er 600 tonn.

Unnið er við frágang í stöðinni skv. áætlun um rekstrarstöðvun. Vatn verður áfram látið renna í gegnum stöðina til að vernda lagnir og búnað og út í settjarnir. Ker og búnaður verður þrífinn og sótthreinsaður og gengið frá byggingum og útsvæði með þeim hætti að ekki sé hætt á foki eða öðrum skemmdum vegna veðurs. Stöðin er afgirt og hlið læst þegar starfsmenn eru ekki við vinnu í stöðinni.

Olía verður áfram við stöðina fyrir varaafstöð sem knýr dælur fyrir borholur. Borholur rekstraraðila og kynbótastöðvarinnar á Hólum hafa verið samnýttar og nýtir kynbótastöðin áfram sinn hluta og því nauðsynlegt að varaafstöðin verði áfram til staðar. Öðrum spilliefnum s.s. sápum og formalíni verður komið til notkunar í öðrum stöðvum. Tómum umbúðum verður komið til flokkunarstöðvar sveitarfélagsins.

Skráningar, áætlanir og önnur gögn er varða starfsleyfið voru til staðar í rafrænu skráningakerfi, Farm Control. Gæðahandbók er til staðar á rafrænu formi sem og viðbragðsáætlun, neyðaráætlun, umhverfismarkmið og vöktunaráætlun. Eintak af starfsleyfi var á staðnum.

Síðustu mælingar á efnalosun í frárennsli voru gerðar júní 2020 og gera skal nýja mælingu árið 2023 skv. gr 4.3 í starfsleyfi.

Gengið var um stöðina og hún skoðuð. Unnið er að frágangi, bæði inni í stöðinni og á útisvæði. Stöðin er snyrtileg á að líta og ekki er gerð athugasemd um frágang hennar.

ÁBENDINGAR

Engin ábending var sett fram í eftirlitinu.

ANNÆÐ


Ekki er gerð krafa um tryggingu vegna bráðamengunar hafs og stranda skv. 16. gr. laga nr. 33/2004.

Engin mengunaróhöpp eða kvartanir eru skráðar hjá rekstraraðila né eftirlitsaðila frá því að síðasta eftirlit fór fram.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 15.11.2021



Guðbjörg Stella Árnadóttir